

VesturVerk ehf
Suðurgötu 12
400 ÍsafjörðurReykjavík, 31. janúar 2017
Tilvísun: 2015020002/50.4.5
Verknúmer: 1073000**Efni: Framlenging á rannsóknarleyfi Vestur Verks ehf. fyrir Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði**

Orkustofnun hefur móttengið bréf Vestur Verks ehf., kt. 641088-1379, dags. 26. janúar sl., þar sem óskað er eftir framlengingu á leyfi til rannsókna á vatnasviði Hvalár í Ófeigsfirði og á Ófeigsfjarðarheiði, þar sem stefnt er að því að rannsaka hagkvæmni þess að nýta rennsli Hvalár og Rjúkanda í einu þrepi úr Hvalárvatni og allt niður að sjávarmáli, áður út gefnu af Orkustofnun til tveggja ára, þann 31. mars 2015. Orkustofnun fer með leyfisveitingar til rannsókna m.a. sbr. 1. mgr. 4. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998.

Fram kemur í erindi Vestur Verks ehf. að lokið er öllum rannsóknum sem fyrirhugaðar voru, nema kjarnaborun í jarðgangnaleiðir, sem leyfishafi telur ekki forsvaranlegt að gera fyrr en fyrir liggur afstaða Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats hinnar fyrirhuguðu virkjunar og nýr afhendingarstaður raforku samkvæmt ákvörðun Landsnets og Orkustofnunar í Ísafjardardjúpi liggur fyrir.

Fyrir liggur að hin fyrirhugaða Hvalárvirkjun fellur undir ákvæði laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011, þar sem hún nái 55 MW að afli. Virkjunarkosturinn er í nýtingarflokki, annarrar áætlunar og einnig samkvæmt tillögu verkefnastjórnar að þriðju rammaáætlun. Fram kemur í nýrri erindi umsækjanda að virkjunarkosturinn fari í mat á umhverfisáhrifum á rannsóknartímanum. Ný rannsóknaráætlun fyrir árin 2017 og 2018 til vara, fylgdi erindinu.

Í ljósi ofanritaðs fellst Orkustofnun hér með á að áður út gefnu rannsóknarleyfi dags. 31. mars 2015 verði framlengt til 31. mars 2019 og skal rannsóknum þá lokið.

Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa samkvæmt auðlindalögum, sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála skv. 33. gr. laganna. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina nr. 130/2011.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem ekki má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sæta kæru til ráðherra, skv. ákvæðum stjórnáskýslulaga nr. 37/1993.

Virðingarfyllt
f. h. orkumálastjóra
Skúli Thoroddsen
Linda Georgsdóttir*Fylgiskjöl:*

Beiðni um framlengingu rannsóknarleyfis.



Ísafjörður 26. janúar, 2017

Orkustofnun
bt. Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Erindi: Framlenging rannsóknarleyfis fyrir Hvalárvirkjun, mál OS2015020002/50.4.5

Undirritaður f.h. VesturVerks ehf. óskar hér með eftir framlengingu rannsóknarleyfis fyrir Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði til tveggja ára. Núverandi leyfi VesturVerks ehf. til rannsókna á Hvalárvirkjun var veitt 31. mars 2015 og er til tveggja ára, óskað eftir framlengingu til 31. mars 2019.

VesturVerk hefur lokið öllum rannsóknum sem fyrirhugaðar voru vegna rannsókna fyrir Hvalárvirkjun nema kjarnaborun í jarðgangna leiðir og að staðfesta magn jökulruðnings með greftri könnunar hola. Það hefur ekki þótt forsvaranlegt vegna kostnaðar að gera þær rannsóknir fyrr en niðurstaða Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats virkjunarinnar liggur fyrir svo og nýr afhendingarstaður raforku (ákvörðun Landsnets og Orkustofnunar) í Ísafjarðardjúpi.

Matsskýrsla Hvalárvirkjunar í Ófeigsfirði hefur verið lögð fram og er niðurstöðu Skipulagsstofnunar er að vænta fyrir lok þessa mánaðar en frestur stofnunarinnar að skila niðurstöðu er þegar liðinn.

Liggi ekki fyrir niðurstaða Skipulagsstofnunar og Landsnets/Orkustofnunar um afhendingarstað raforku fyrir lok febrúar nk. telur VesturVerk ekkert annað í stöðunni en að fresta rannsóknarborunum til sumarsins 2018. Það er þó með þeim fyrirvara að ákvörðun ofangreindra stofnanna liggi fyrir í síðasta lagi febrúar 2018. Af þeim sökum er sótt er um framlengingu rannsóknarleyfisins til tveggja ára. Ákvörðun þarf að liggja fyrir febrúar lok vegna undirbúnings, samningsgerðar, innkaupa vinnubúða erlendis frá og fl.

Til þess að koma jarðbor til rannsókna á Ófeigsfjarðarheiði þarf að lagfæra vegi í Ingólfsfirði og Ófeigsfirði auk slóðagerðar á fjöllum. Undirbúnings vinnan er bæði tímafrek og kostnaðarsöm. Þá getur verið erfitt að fá jarðvinnu verktaka til verksins þegar komið er fram í mars þar sem flestir hafa skipulagt sína vinnu fyrir komandi sumar.

Hér að neðan er ný rannsóknaráætlun. Í henni er lagt upp með að ljúka rannsóknum sumarið 2017 en til vara sumarið 2018. Vinnu við rannsóknir á vatnafari, rennslis, veður mælingar ásamt líkanagerð verður haldið áfram allt þar til að virkjunin verður gangsett.



| Hvalárvirkjun | 2017 | | | | 2018 | | | | 2019 |
|---|------------------------|---|---|---|------|---|---|---|------|
| Rannsóknarpáttur: | 1 | 2 | 3 | 4 | 1 | 2 | 3 | 4 | 1 |
| Vatnafar og líkanagerð | Muvandileyfi gildir | | | | | | | | |
| Staðfesting á stærð náma (jökulruðningur) | | | | | | | | | |
| Jarðfræðirannsóknir og boranir | | | | | | | | | |
| Rannsóknir og prófanir á jarðefna sýnum | | | | | | | | | |
| Rennslis og veðurmælingar | | | | | | | | | |

Tímaáætlun

Virðingarfyllst

F.h. VesturVerks ehf.

Gunnar G. Magnússon

framkvæmdarstjóri

gunnar@vesturverk.is